

# Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi

---

Nefndasvið Alþingis

***Efni: Umsögn um frumvarp til laga Alþingis þingmál nr. 257. um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög), þingskjal nr. 295.***

Þjónusturáð um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi gerir eftirfarandi athugasemdir:  
Að okkar mati vantar umfjöllun um alvarlegar geðraskanir s.s. í 1. og 3.gr. og má þá ætla að frumvarpið meðhöndli ekki einstaklinga með alvarlegar geðraskanir það er sem heyra undir lög um málefni fatlaðra.

Í athugasemdum er sérstaklega nefnt að með þessari stofnun sé verið að sameina þær þjónustustofnanir innan heilbrigðis- og félagsþjónustu sem veita fötluðu fólki sérhæfða þjónustu á landsvísu en undanskilja eins og áður segir geðfatlaða.

Við fögnum því að ný stofnun muni veita 18 ára og eldri meiri þjónustu en verið hefur en höfum jafnframt áhyggjur af því að stofnuninni muni ekki fylgja nægjanlegt fjármagn.

Er öruggt að framkvæmd og utanumhald SIS mats verði á höndum sérhæfðrar þjónustumiðstöðvar þrátt fyrir að aldurshækkandi þjónusta taki ekki gildi fyrr en á árunum 2017-2021?

Stjórn Þjónusturáðs